Fullgild rafræn undirskrift
ODDUR GUNNAR JÓNSSON
2025-08-28 11:12:12 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÞÓRIR HVANNDAL ÓLAFSSON
2025-08-28 22:03:07 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
RÓSA STEINGRÍMSDÓTTIR
2025-09-01 11:08:10 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fundargerð

Miðvikudaginn 19. mars 2025 klukkan 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í innviðaráðuneytinu.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Þórir Ólafsson formaður, Rósa Steingrímsdóttir og Oddur Gunnar Jónsson. Fundinn sátu einnig áheyrnarfulltrúarnir Jóhannes Á. Jóhannesson og Þórdís Sveinsdóttir. Auk þess voru á fundinum starfsmenn innviðaráðuneytisins þeir Árni Sverrir Hafsteinsson, í gegnum fjarfundarbúnað Teams, og Elmar Björnsson sem ritaði fundargerð.

Fundargögn

- Endurskoðun á regluverki vegna bókhalds og framsetningar á fjárhagsupplýsingum sveitarfélaga
- Fjárhagsáætlanir 2025-2028
- Umsókn Sveitarfélagsins Árborgar um framlag úr Jöfnunarsjóði vegna vinnu við fjárhagslega endurskipulagningu
- Dagskrá fundar 19. mars.docx
- Drög að 426. fundargerð EFS 15.1.2025.docx
- Fjárhagsáætlanir 2025 – yfirlit.xlsx
- Svar Vopnafjarðarhrepps við fyrirspurn EFS vegna fjárhagsáætlunar

1. Samþykkt fundagerðar

Fundargerð 426 frá 15.1.2025 var samþykkt.

2. Yfirferð fjárhagsáætlana

Farið var yfir yfirlit fjárhagslegra lykiltalna sveitarfélaga út frá fjárhagsáætlunum þeirra fyrir árið 2025. A-hluti 21 sveitarfélags var með einhvern veikleika miðað við yfirlit starfsmanns nefndarinnar en samstæður sjö sveitarfélaga sýndu a.m.k. einn veikleika.

Ákveðið var að senda bréf til þeirra sveitarfélaga sem samkvæmt fjárhagsáætlun uppfylla ekki jafnvægisreglu eða gera ráð fyrir neikvæðum rekstrarjöfnuði A-hluta á tímabilinu 2023-2025. Alls fá tólf sveitarfélög sent bréf, en einungis er um að ræða ábendingu og því ekki kallað eftir formlegu viðbragði frá sveitarstjórnum.

Undir þessum lið var einnig fjallað um kjarasamninga sveitarfélaga við kennara, málaflokk barna með fjölþættan vanda og hvaða áhrif það kann að hafa á fjárhagsáætlanir sveitarfélaga. Ákvað nefndin að senda bréf á öll sveitarfélögin vegna þessa þar sem spurst er fyrir um hver heildaráhrif kjarasamningsins, í krónum talið, er umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlunum.

3. Umsókn Árborgar um framlag úr Jöfnunarsjóði

Tekin var fyrir umsagnarbeiðni frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna umsóknar Sveitarfélagsins Árborgar um stuðning út sjóðnum vegna ráðgjafarvinnu. Innviðaráðherra og sveitarfélagið gerðu samkomulag um fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit á grundvelli 2. mgr. 83. gr. sveitarstjórnarlaga. Sveitarfélagið hefur áður fengið tæpar 34 m.kr. á grundvelli samkomulagsins og hefur nú sótt um rúmar 34 m.kr. til viðbótar.

Rekstur A-hluta sveitarfélagsins er töluvert veikur og töluvert er eftir í fjárhagslegri endurskipulagningu sveitarfélagsins. Samkomulag innviðaráðherra og sveitarfélagsins rennur út 15. apríl nk. og nauðsynlegt að leggja mat á árangurinn fyrir þann tíma. Þetta er mikilvægt svo taka megi afstöðu til þess hvort tilefni sé til að framlengja samkomulagið.

Þó svo að ekki séu rök fyrir því á þessum tímapunkti að hafna erindi Árborgar leggur EFS til að greiðslunni sé frestað þar til ítarlegri upplýsingar liggja fyrir um árangur á grundvelli samkomulagsins.

4. Endurskoðun á regluverki vegna bókhalds og framsetningu á fjárhagsupplýsingum sveitarfélaga

Þórdís Sveinsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga kynnti þá vinnu sem er að hefjast við endurskoðun á regluverki og tæknimálum er varðar fjárhagsupplýsingar sveitarfélaga. Samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga samþykkti á fundi sínum í febrúar að hefja vinnu við að endurhanna og sjálfvirknivæða upplýsingaveitu sveitarfélaga auk þess að fara í heildarendurskoðun á regluverki sem snýr að færslu bókhalds, framsetningu ársreikninga og fjárhagsáætlana sveitarfélaga. Sambandið mun leiða vinnuna og taka yfir gagnasöfnun frá Hagstofunni. EFS telur verkefnið gott skref og lýsir sig reiðubúna til að koma að verkefninu sé þess óskað.

5. Fjárhagsleg samskipti milli A- og B-hluta

Rætt var um fjárhagsleg samskipti milli A- og B- hluta sveitarfélaga. Sveitarfélögum er heimilt eftir því sem leiðir af viðkomandi lagareglum að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið er í rekstri stofnana þeirra og fyrirtækja. Reglurnar er þó óskýrar, ekki síst hvað lántöku frá B-hluta til A-hluta varðar. Telur nefndin að skýra verði betur í lögum og/eða reglugerð hverjar heimildirnar eru og hvort reikna þurfi vexti á slíkum lánum sem eru í takt við markaðsvexti á hverjum tíma.

Fundi slitið klukkan 12:13. Næsti fundur er samkvæmt boðaðri dagskrá.